



Alþingi  
Nefndasvið  
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Reykjanesbær, 2. desember 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálum eða takmörkun á umgengni), þingskjal 104 – 103. mál.**

Við er til erindis nefndasviðs Alþingis, 18. nóvember 2020, þar sem frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálum eða takmörkun á umgengni) var sent til velferðarsviðs Reykjanesbæjar til umsagnar.

Í breytingu á 98. gr. laga nr. 80/2002 er lagt til að eftirfarandi málslíð verði bætt við lögin: „Brot gegn ákvæði þessu sætir aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru barnaverndar til lögreglu“. Velferðarsvið Reykjanesbæjar gerir athugasemd við þennan málslíð þar sem einungis er gert ráð fyrir að barnavernd hafi heimild til að leggja fram kæru til lögreglu en ekki aðilar máls. Ekki er hægt að túlka þetta öðruvísi en að hérna sé verið að svipta foreldra barns og öðrum aðilum rétti til að leggja fram kæru ef þau telja að umsjáraðili barns sé að beita barn ofbeldi og/eða vanrækja það, því ekki er hægt að hefja sakamálarannsókn nema að barnvernd leggi fram kæru. Með þessu er verið að skerða frelsi einstaklings til að kæra til lögreglu þegar grunur er um að barn verði fyrir ofbeldi/vanrækslu af hendi þeirra sem hafa barn í sinni umsjá. Raunin er sú að einstaklingar í nærumhverfi barns hafa kært ofbeldi/vanrækslu forsjáradila til lögreglu áður en slíkar grunsemdir eru tilkynntar til barnaverndar. Auk þess sem það hafa komið upp mál þar sem aðilar vilja að barnavernd leggi fram kæru til lögreglu en barnavernd er ekki sammála því. Þar sem barnavernd er viðkvæmur málaflokkur og sjónarmiðin mörg varðandi velferð barns þá er ekki raunhæft að leggja þessa einhliða ákvörðun á herðar barnaverndar.

Velferðarsvið Reykjanesbæjar er sammála því að börn eiga rétt á að alast upp í friði, öryggi og við góðar uppeldaðstæður og vernd gegn ofbeldi og/eða vanrækslu. Auk þess þarf að virða, vernda og framfylgja réttindum hvers barns með því að veita þeim þjónustu, umönnun, þátttöku og vernd. Einnig þarf að aðstoða þau við að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og að tekið sé tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Með síðustu barnalögum var gerð jákvæð breyting sem var að aðskilja barnaverndarnefndirnar frá umgengnismálum þar sem óljós lína var á milli þessara málflokka sem skapaði oft á tíðum óraunhæfar væntingar til barnaverndarnefnda. Með því að leggja til að barnaverndarnefndirnar gangi inn í mál þar sem foreldri, sem barn býr hjá, tálmi umgengni og að það sé refsiverð hegðun er varðar fangelsisvistar án neins undirbúnings þá er enn á ný verið að gera

óraunhæfar væntingar til barnaverndarnefnda. Barnaverndarnefndir eru misvel undirbúnar til að takast á við þessi flóknu mál. Reynslan hefur sýnt að mikil ósætti er á milli foreldra í þessum málum og alla jafna þurfa tveir barnaverndarstarfsmenn að vera í málunum meðal annars vegna vantrausti foreldra gagnvart barnaverndarnefnd. Óljóst er hvað gerist ef umgengnisforeldri og barnaverndarnefnd eru ekki sammála um að kæra til lögreglu og umgengnisforeldri getur ekki kært til lögreglu. Hættan er sú að óeðlilegur þrýstingur verður frá umgengnisforeldri og lögfræðingi þess á barnaverndarstarfsmann sem leiðir til þess að vinnuumhverfi barnaverndarstarfsmanna verður óviðunandi og hætta er á að flótti verður hjá starfsmönnum í barnavernd þar sem þessi mál eru svo viðkvæm og eldfim. Undirrituð óttast að afleiðingar af framangreindum breytingum á barnaverndarlögum séu þær að barnaverndarnefndir geti ekki rækt skyldur sínar með fullnægjandi hætti og það komi á endanum niður á hagsmunum barna.

Þá telur velferðarsvið Reykjanesbæjar að lagabreytingin gangi gegn lögum nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, en í 13. gr. laganna er kveðið á um rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns. Þar er kveðið á um að sérhver sá sem á er brotinn sá réttur eða það frelsi hans skert, sem lýst er í samningnum, skuli eiga raunhæfa leið til ná rétti sínum fyrir opinberu stjórnvaldi. Ef aðili vill kæra en barnavernd er ekki sammála því er réttur viðkomandi skv. 13. gr. orðinn að engu. Við þetta má bæta að umgengnisréttur foreldris og barns nýtur sérstakrar verndar í Samningi sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og mannréttindasáttmála Evrópu.

Einnig eru forsendur til að kæra mál óljósar, er nóg að aðeins tálmun eigi sér stað eða þurfa frekari forsendur að liggja þar að baki t.a.m. getur barn búið við góðar heimilisaðstæður þó að foreldri tálmi umgengni. Auk þess kemur ekkert fram í breytingartillögum hver á að meta það að tálmun eigi sér stað. Eiga barnaverndarnefndir að meta það hverju sinni? Það sama varðandi þau mál þar sem börn neita að fara í umgengni til foreldri síns. Hver á að vísa þeim málum áfram og þá hvert? Undirrituð telur að hér sé hætta á því að sjónarmið barna séu ekki í forgangi.

Erfitt er að sanna að barn búi við tilfinningalegt ofbeldi þegar tálmun á umgengni á sér stað. Til að reyna að sanna það þurfa margir sérfræðingar að koma að málinu auk þess sem stundum þarf að vista barn utan heimilis á meðan verið er að meta líðan barns. Þetta er oft á tíðum íþyngjandi aðgerðir fyrir barn. Með breytingartillögum er hætta á að umgengnisforeldrið þrýsti mjög mikið á barnaverndarnefndirnar til að kæra málið til lögreglu og að vista barn utan heimilis til að knýja fram rétti sínum varðandi umgengni en þessi leið er ekki alltaf það besta fyrir barnið. Með þessari breytingartillögu er hætta á að það sem barninu er fyrir bestu gleymist.

Lítill umræða hefur verið innan barnaverndar varðandi þennan málaflokk þar sem þessi málaflokkur fellur undir sýslumannsembættið. Það má því velta fyrir sér hvort það sé ekki heppilegra að umgengnismálin séu öll á einni hendi í stað þess að leggja til að hluti af málaflokknum færist til barnaverndar. Eðlilegra er að þessi hluti málaflokksins falli líka undir sýslumannsembættin. Töluverður kostnaðarauki mun leggjast á sveitarfélögin til að mæta þessum málum ásamt skortur á úrræðum. Mikilvægt er að vanda vel til verka áður en svona stórar breytingar eru gerðar með tilliti til barnaverndarnefndar, dómstóla, lögreglu og þjónustu við börnin. Ásamt því að meta hvernig kostnaðurinn og þjónustan verði skilgreind á milli ríkis og sveitarfélaga.

Reykjanesbær  
Tjarnargötu 12  
Póstfang 230  
Sími: 4216700  
Bréfasími: 4214667

reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

Með vísan til framangreinds leggst undirrituð gegn því að framangreindar breytingartillögur nái fram að ganga.

Virðingarfyllst

f.h. Velferðarsviðs Reykjanesbæjar

  
Velferðarsvið  
Reykjanesbæjar

María Gunnarsdóttir

Forstöðumaður barnaverndar Reykjanesbæjar